



Fundur í sveitarstjórn

38. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn þriðjudaginn 15. desember 2015 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Dagrún Þórisdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 24. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 26. nóv. 2015.**
Lagt fram til kynningar
- 2. Fundur 15. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 27. nóv. 2015**
Liður 1: Stofnun lóðar á Syðri-Brekkum 2
Lagt er til að bókun Umhverfis og skipulagsnefndar verði staðfest. Samþykkt samhljóða.
Liður 4.2.: Ruslatunnur á ljósastaurum.
Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að taka saman minnisblað um málið. Samþykkt samhljóða.
- 3. Fundargerð 6. fundar Hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 30. nóv. 2015.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 4. Fundargerð 7. fundar Hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 09. des. 2015.**
Liður 1: Gjaldskrá 2016
Lagt til að sveitarstjórn samþykki framlagða gjaldskrá. Samþykkt samhljóða.
Fundargerð að öðru leiti lögð fram til kynningar.
- 5. Fundargerð 12. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 24. nóv. 2015**
Liður 5.1.: Akstursáætlun Grunnskólans á Bakkafirði.
Lagt er til að bókun Fræðslunefndar verði staðfest. Samþykkt samhljóða.
Fundargerð að öðru leiti lögð fram til kynningar.
- 6. Markaðsstofa Norðurlands: Framlenging á samstarfssamningi**
Lagt er til að samstarfssamningur við Markaðsstofu Norðurlands verði framlengdur til þriggja ára þ.e. til ársloka 2018. Samþykkt samhljóða.
- 7. Stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs.**



LANGANESBYGGÐ

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki framlagðan stofnsamning Héraðsnefndar Þingeyinga. Samþykkt samhljóða.

8. Samstarfssamningur um Almannavarnir.

Lagður er fram undirritaður Samstarfssamningur um Almannavarnir í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Norðurþingi; Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Langanesbyggð, lagt er til að sveitarstjórn staðfesti samninginn. Samþykkt samhljóða.

9. Kvennaathvarfið, styrkbeiðni.

Lagt er fram erindi frá Kvennaathvarfinu hvar óskað er eftir styrk vegna rekstrarársins 2016. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.

10. Pósturinn - Bókun sveitarstjórnar Langanesbyggðar 8. okt. 2015.

Lagt er fram til kynningar bréf frá Ingimundi Sigurpálssyni forstjóra Póstsins, bréfið er svar við bréfi Langanesbyggðar í kjölfar bókunar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn þakkar svarið og ítrekar þá kröfu að opnunartími afgreiðslu Póstsins miðist við það að póstur geti farið samdægurs frá Þórshöfn.

11. EFS, Ársreikningur 2014 – bréf

Lagt er fram til kynningar bréf frá Eftirlitsstofnun með fjármálum sveitarfélaga EFS, efni bréfsins er svar við bréfi Langanesbyggðar. Í svari EFS kemur fram að nefndin hafi farið yfir upplýsingar sveitarfélagsins og að niðurstaða nefndarinnar sé að óska ekki eftir frekari upplýsingum og að málinu sé lokið.

12. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – kæra

Lagt er fram bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er varðar kæru vegna fráveitugjalda. Sveitarstjóri fór yfir málið og er falið að vinna það áfram. Samþykkt samhljóða.

13. Frá N-lista – Reglulegir fundir sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Lagt er fram erindi frá N-lista er varðar fækkun sveitarstjórnarfunda með þeim hætti að sveitarstjórn fundi á þriggja vikna fresti en ekki tveggja eins og verið hefur.

Sveitarstjóra falið að vinna minnisblað vegna málsins og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

14. Frá L-lista – Spurningar vegna undirbúnings viljayfirlýsingar vegna Finnafjarðarverkefnisins.

Fyrirspurn frá L-lista.

•Hvernig var staðið að undirbúningi, hagsmunamati og stefnmótun Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps varðandi það hvernig samrekstri á Finnafjarðarverkefninu skyldi háttáð í framtíðinni?

Svar: Fundað var um málefni Finnafjarðar milli sveitarfélaganna og málin rædd. Gerð var viljayfirlýsing um mögulega stofnun sameiginlegs hafnarsamlags sveitarfélaganna árið 2008 sem er enn í gildi. Það var alla tíð einhugur í sveitarstjórnnum þessara sveitarfélaga í þessu verkefni í gegnum tíðina.

•Hvert er prósentuhlutfall Langanesbyggðar af heildarútgjöldum þegar kemur



LANGANESBYGGÐ

að útgjöldum vegna framkvæmda á verkefninu?

Svar: Kostnaður Langanesbyggðar vegna þessa verkefnis sem hefur staðið í nokkur ár er samtals um 5 milljónir króna.

•Hvernig falla réttindi og skuldbindingar í samningi aðila sem undirritaður var í maí 2014 að þeirri viljayfirlýsingu sem nú hefur verið lögð fyrir sveitarstjórnir þessara tveggja sveitarfélaga?

Svar: Viljayfirlýsingin er í raun framhald af samningi sveitarfélaganna, Bremenports og Eflu, sem undirritaður var í maí 2014. Sá samningur heldur því fullu gildi og breytist ekki með viljayfirlýsingunni. Aðalmarkmið með viljayfirlýsingu er að fá íslenska ríkið til að vera þátttakandi í verkefninu. Til þess að því markmiði verði náð þarf bæði að lýsa viðskiptahugmyndinni og framkvæmdaáætlun vegna verkefnisins, auk þess að lýsa hlutverkum hvers aðila um sig. Í viljayfirlýsingunni felast engar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin umfram þær skuldbindingar sem til var stofnað með undirritun samningsins í maí 2014. Skuldbindingar í samningnum falla því að öllu leyti að viljayfirlýsingunni.

•Hvenær var oddvita veitt umboð til þess að sitja í samstarfshópi við gerð viljayfirlýsingar Finnaþingarverkefnisins og hverjir veittu oddvita það umboð?

Svar: Oddvita og sveitarsjóra var falið að vinna að verkefninu með formlegri bókun á fundi sveitarstjórnar og hafa þeir svo upplýst sveitarstjórn reglulega um stöðu þess á fundum bæði með bókunum á sveitarstjórnarfundum og munnlega. Á árinu 2015 var sveitarstjórn upplýst á sjö til átta fundum um stöðu verkefnisins. Aldrei komu fram athugasemdir við vinnulag verkefnisins. Siggeir hefur komið að þessu verkefni frá byrjun sem má rekja líklega til ársins 2007 og hefur farið með samskipti við hagsmunaaðila í þessu verkefni frá því að Bremenports kom fyrst að því árið 2012. Á sama tímabili hafa verið hjá sveitarfélaginu 4 sveitarstjórar. U listinn lýsir yfir fullum stuðningi við Siggeir Stefánsson oddvita í þessu máli og telur að hann hafi unnið gott og óeigingjarnt starf og af heilindum fyrir Langanesbyggð.

•Hvenær var oddvita veitt umboð til þess að stofna til fjárútláta í tengslum við gerð viljayfirlýsingarinnar og hverjir veittu oddvita það umboð?

Svar: Gert er ráð fyrir útgjöldum vegna þessa máls í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015.

•Hverjir gættu hagsmuna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps við gerð viljayfirlýsingarinnar?

Svar: Það voru lögfræðingar verkefnisins, aðilar hjá íslenska ríkinu og einnig komu Hafsteinn Helgason frá Eflu og Siggeir Stefánsson oddviti Langanesbyggðar að málum.

•Hver var aðkoma framkvæmdastjóra/sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps að undirbúningi viljayfirlýsingarinnar?

Svar: Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps fór ásamt aðilum frá Langanesbyggð í vinnuferð til Bremen í febrúar 2015 þar sem m.a. rætt var um aðkomu ríkisins að verkefninu. Í framhaldi af því var hann upplýstur reglulega um stöðuna með netpósti og símtölum. Óskað var eftir aðkomu Vopnafjarðarhrepps að verkefninu og vinnu við



LANGANESBYGGÐ

Það en sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps sýndi því lítinn áhuga. Sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps voru sendar upplýsingar um stöðu málsins reglulega sem hann gerði aldrei athugasemdir við. Einnig óskaði oddviti Langanesbyggðar eftir því nokkrum sinnum að fá að koma og upplýsa sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps um stöðu málsins en við því var aldrei orðið.

Hver var aðkoma framkvæmdastjóra/sveitarstjóra Langanesbyggðar að undirbúningi viljayfirlýsingarinnar?

Svar: Sveitarstjóri Langanesbyggðar fór ásamt oddvita Langanesbyggðar og sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps í vinnuferð til Bremen í febrúar 2015 þar sem m.a. var rætt um aðkomu ríkisins að verkefninu. Í framhaldi af því voru oddviti og sveitarstjóri í sambandi reglulega um stöðuna með samtölum, netpósti og símtölum.

Viljayfirlýsing þessi var kynnt á sérstökum fundi 1 desember síðastliðnum um leið og drög að viljayfirlýsingu voru tilbúin. Í framhaldi af því var sveitarstjórnarmönnum boðið upp á tvo vinnu/kynningarfundum sem L listinn nýtti sér ekki. Auk þess sem sveitarstjórnarmönnum var boðið upp á að það væri hægt að funda þegar þeim hentaði. Einnig voru lögfræðingar verkefnisins reiðubúnir að fara yfir viljayfirlýsingu þessa með sveitarstjórnarmönnum. Ekkert af þessu hefur L listinn nýtt sér til að kynna sér málið.

Það er afar mikilvægt að öll sveitarstjórn átti sig á því að meirihluti sveitarstjórnar hefur engann vilja til þess að halda málum sem varða þetta langtímaverkefni, út af fyrir sig og hefur verið fjallað um það reglulega á fundum sveitarstjórnar. Fjallað hefur verið um verkefnið á dagskrá sveitarstjórnafundar á árinu 2015 um átta sinnum, bæði opnum og lokuðum fundum og þar hafa verið lagðar fram upplýsingar um verkefnið og sveitarstjórnarmenn getað spurt að vild. Sumarið 2015 kom aðili frá Bremenport til Þórshafnar og var boðið upp á fund með sveitarstjórnnum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps þar sem þessi aðili fór yfir verkefnið og menn gátu spurt hann að vild um það. Bremenports hefur ætíð lagt á það áherslu að um þessi mál verði farið undir miklum trúnaði og kemur það fram í þessari viljayfirlýsingu og samkomulaginu frá árinu 2014 og því verðum við að fara eftir og virða.

L-listinn óskar eftir því að afgreiðslu á viljayfirlýsingu verði frestað fram yfir áramót til þess að sveitarstjórnarmenn hafi tæk á að kynna sér allar hliðar málsins. Reynir Atli óskaði eftir fundarhléi í fimmtán mínútur.

Sveitarstjórn samþykkir að afgreiðslu á viljayfirlýsingu verði frestað en stefnt að því að taka hana fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar þann 14. janúar 2016. Samþykkt samhljóða.

L-listinn óskar eftir því að spurningum frá Ólafi Áka sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps verði svarað og kynntar sveitarstjórn áður en lengra er haldið þar sem margt er enn óljóst og miklir hagsmunir í húfi.

Oddviti upplýsti að spurningar er komu frá sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps voru sendar lögfræðingum verkefnisins í þessu máli strax þegar þær komu og munu þeir svara í síðasta lagi 21. desember.



LANGANESBYGGÐ

Reynir Atli biður um orðið og óskar eftir að eftirfarandi bókun verði skráð: „Í ljósi þess að varaoddviti getur ekki stutt vinnubrögð oddvita í tengslum við viljayfirlýsingu Finnafjarðarverkefnisins, telur hann meirihlutasamstarfi sjálfhætt. Þorsteinn Ægir bað um fimmtán mínútna fundarhlé.

L-listi, N-listi og Reynir Atli leggja fram eftirfarandi bókun:

L-listi, N-listi og Reynir leggja fram vantrauststillögu á núverandi oddvita Langanesbyggðar Siggeir Stefánsson. Teljum við að Siggeir Stefánsson hafi ekki tekið rétt á málum er varða aðdraganda viljayfirlýsingar Finnafjarðarverkefnisins. Því sé nauðsynlegt að hann víki og varaoddviti taki þegar við í nafni þessara aðila sem standa að bókuninni og nýr oddviti verði kosinn við fyrsta tækifæri. Samþykkt af Þorsteini, Huldu, Reyni og Dagrúnu. Á móti, Siggeir, Halldóra og Björn Guðmundur. Siggeir bað um fundarhlé í fimmtán mínútur.

U-listinn leggur fram eftirfarandi bókun:

U-listinn vill koma eftirfarandi á framfæri. Við lýsum yfir vonbrigðum og furðu okkar með vinnubrögð varaoddvítans í þessu máli. Ekki var vitað betur en væri sátt á milli aðila í flestum málum. Við höfnum því alfarið að ekki hafi verið unnið af heilindum í Finnafjarðarverkefninu með hag sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Þorsteinn óskaði eftir fundarhléi í 5 mínútur.

15. Ársuppgjör viðauka við fjárhagsáætlun 2015.

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit yfir áður samþykktu viðauka og fór yfir fjármögnun og frávik. Samþykkt samhljóða.

16. Útsvar í Langanesbyggð 2016.

Lagt til að útsvarsprósenta verði óbreytt frá fyrra ári eða 14,52%
Samþykkt samhljóða.

17. Gjaldskrár grunn- og leikskóla Langanesbyggðar 2016.

Gjaldskrá grunn- og leikskóla er endurskoðuð um áramót ár hvert. Lagt er til að gjaldskrár hækki með hliðsjón af verðlagsþróun og þróun launakostnaðar eða um 4,5%.

Þjóðhagsspá 2015-2019

	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Vísitala neysluverðs	2,0	1,7	3,2	3,7	3,0	2,6
Launavísitala	5,8	7,1	8,7	7,0	5,4	5,4

Bakgrunnur þjóðhagsspár Hagstofunnar eru opinberar hagtölur, fjárlög, alþjóðlegar hagtölur auk annarra upplýsinga. QMM líkan Seðlabanka Íslands er notað við gerð þjóðhagsspárinnar. Í þjóðhagsspánni fyrir árin 2015-2019 eru birtar hagtölur fyrir árið 2014 eins og þær birtust síðast í þjóðhagsreikningum Hagstofunnar. Fyrir árin 2015-2016 er um eiginlega spá að ræða en tölur fyrir árin 2017-2019 byggja á framreikningi.



LANGANESBYGGÐ

Á þeim forsendum er lagt til að leikskólagjöld verði hækkuð um 4,5%, tónlistarskólinn verði hækkaður um 4,5% og að skólamáltíðin verði hækkuð um 4,5%.

Hækkunin tekur gildi 1. janúar 2016. Samþykkt samhljóða.

Gjaldskráin í heild sinni verður sett inn á heimasíðu Langanesbyggðar.

18. Álagning gjalda 2015, gjaldskrár Langanesbyggðar.

Lagt til að álagning gjalda fyrir árið 2016 verði eftirfarandi

A. Gjaldskrá fasteignagjalda

- Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.
 - Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.
 - Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.
- Samþykkt samhljóða.

B. Lóðarleiga

- Lóðarleiga A - lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
 - Lóðarleiga B - lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.
- Samþykkt samhljóða

C. Vatnsgjald

- A - Vatnsgjald er 0,30% af heildarálagningarstofni.
 - B - Aukavatnsgjald er kr. 36 pr. m³ vatns.
- Samþykkt samhljóða

D. Fráveitugjald

- Fráveitugjald er 0,259% af heildarálagningarstofni.
- Samþykkt samhljóða

E. Sorphreinsunargjöld

- Sorphreinsunargjald heimila kr. 20.900,- á íbúð.
 - Sorpeyðingargjald heimila kr. 20.900,- á íbúð.
- Samþykkt samhljóða.

Fjöldi gjalddaga eru almennt 8, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 20.000 þá er einungis einn gjalddagi 1. febrúar

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöld eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Undanþáguákvæði og afslættir vegna álagninga gjalda 2016 standa óbreytt frá árinu 2015.

Samþykkt samhljóða



19. Fjárhagsáætlun 2016, seinni umræða.

Þann 5. desember var haldinn vinnufundur hjá sveitarstjórn þar sem farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2015. Sveitarstjóri lagði þar fram tillögur að breytingum frá fyrri umræðu og skýrði forsendur þeirra breytinga. Sveitarstjóra falið í framhaldi af því að undirbúa áætlunina fyrir aðra umræðu miðað við þær forsendur sem komu fram.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar ríflega 255 milljónir kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ríflega 176 milljónir kr., og aðrar tekjur ríflega 350 milljónir kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 769,7 milljónir kr. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana þess verði 400,6 milljónir kr. eða sem svarar 52,0 % af heildartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 249,6 milljónir kr. Afskriftir eru áætlaðar 53,7 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða er áætluð jákvæð upp á 65,9 milljónir kr. Fjármagnsgjöld eru áætluð 35,7 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 30,2 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 93,4 milljónir kr. sem er 12,3% af heildartekjum. Handbært fé í árslok er áætlað 32,8 milljónir kr.

Áætlun 2016 gerir ráð fyrir að hafin verði bygging leikskóla og að sú framkvæmd klárast árið 2017.

Rekstur sveitarfélagsins er viðkvæmur og nauðsynlegt er að sýna ítrasta aðhald í öllum rekstri á næstu árum. Áætlunin borin undir fundinn og samþykkt samhljóða

20. Fjárhagsáætlun 2017-2019, seinni umræða.

Fjárhagsáætlun 2017-2019 tekin til umræðu. Þriggja ára áætlun byggir á Þjóðhagsspá og eru útsvarstekjur hækkaðar að mestu til samræmis við vænta breytingu á launavísitölu og öðrum liðum breytt í samræmi við bestu upplýsingar sem fyrirliggjandi eru. Áætlunin borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Lagt er til að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 14. janúar 2016. Samþykkt samhljóða.

22. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór með umhverfis og skiplagsnefnd til Vopnafjarðar í kynnisferð varðandi sorpúrvinnslu. Byggðakvótamálín eru í fullum gangi. Vinna er að hefjast við að hreinsa lögnina frá Hafnarlæk út fyrir suðurgarð hún er full af mól. Mikill tími hefur farið í að gera fjárhagsáætlun.

Fundi lokað og trúnaðarfundur hefst.

23. Trúnaðarfundur – Atvinnumál.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða



LANGANESBYGGÐ

Fundi slitið kl 21.07